

Skipulagsnefnd Garðabæjar - 17 (26.11.2015) - Kauptún 1 - breyting á dsk Kauptúns

Málsnúmer : 1507124
Málsaðili : RIF 1 ehf.
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 26.11.2015

Inngangur :

Niðurstaða : Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kauptúns sem nær til lóðarinnar Kauptún 1. Skipulagsnefnd leggur til að gerðar verði eftirtaldar breytingar á tillögunni:

- Að stækkun byggingarreits fari ekki nær lóðarmörkun að Urriðaholtsstræti en 10 m og að ákvæði verði um stóran glugga hliðinni sem snýr að Urriðaholtsstræti. (áður en tillagan verður kynnt þarf umsækjandi að láta gera þrívíddarmyndir af hugsanlegri stækkun og hvernig landslag verður mótað að Urriðaholtsstræti og byggingu við Jónasartorg.)
- Að heildar gólfplötur í kafla 4.1. , 4.2 og 6.3. í deiliskipulagsskilmálum verði breytt til samræmis við minnkun byggingareits sem sótt var um.
- Að stærð lóðar breytist miðað við minni byggingarreit og heildarfjölda fermetra og kröfur um fjölda bílastæða.
- Að ákvæði um skiltaturn verð fellt út.

Skipulagsnefnd heimilar forkynningu tillögu fyrir Kauptún 1. í samræmi við 3.mgr. 40.gr. Skipulagslaga með ofangreindum breytingum. Tillagan skal vera hluti af heildarbreytingartillögu deiliskipulags Kauptúns ásamt með breytingum á lóð nr. 2, nr. 3 og nr. 4 sem og lóð fyrir OR.